



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum) (Þingskjal 87 — 87. mál, 150. löggjþ.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (eftirlit með barnaníðingum)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint frumvarp.

Barnaheill vinna að vernd barna gegn ofbeldi og að því að breiða út þekkingu um mannréttindi barna. Samtökin taka undir að mikilvægt er að vernda börn gegn því að umgangast fólk sem dæmt hefur verið fyrir eða verið uppvíst að kynferðisbrotum gegn börnum, í það minnsta að mikilvægt er að tryggja öryggi barna í nálægð við þá sem brotið hafa af sér á þann veg og ef hættu er talin af þeim stafa. Þeir sem hafa gerst brotlegir gagnvart börnum ættu ekki að mati samtakanna að hafa aðgang að störfum þar sem unnið er með eða fyrir börn.

Þó er, að mati Barnaheilla, óheppilegt að notast við orðið barnaníðingur, eins og fram kemur í heiti frumvarpsins, til að einkenna þá sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot gegn börnum eða þá sem eru haldnir barnagirnd. Með notkun þess orðs er að mati samtakanna ýtt undir þá tilhneigingu að skrímslavæða brotafólk eða þá sem eru líklegir til að brjóta af sér. Það ýtir undir fordóma og ótta og er ekki valdeflandi fyrir þá sem þurfa styrkinn til að standa gegn þeim sem hafa brotið af sér og heldur ekki fyrir þá sem hafa gerst brotlegir, sem þurfa að læra nýjar leiðir til að lifa lífinu. Ennfremur er það ekki hjálplegt fyrir þá sem hafa komist að því um sjálfa sig að þeir séu haldnir barnagirnd og vilja gera eitthvað í því til að koma í veg fyrir brot.

Hver þörfin er fyrir aukið eftirlit er nokkuð sem Barnaheill hafa ekki upplýsingar um en hvetja til þess að hlustað verði vel eftir röddum þeirra sem vinna í slíkum málum með beinum hætti, barnaverndarstarfsfólk, Fangelsismálastofnun og lögreglu.

Barnaheill leggja ríka áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir, forvarnir og fræðslu um kynferðisofbeldi. Því hvetja samtökin samfélagið allt til að þiggja fræðslu frá samtökunum sem boðið er upp á og gengur undir nafninu “Verndarar barna”. Samtökin telja þá fræðslu eiga erindi til allra fullorðinna, ekki síst þeirra sem taka ákvarðanir um börn eða vinna með eða fyrir börn.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á valdeflingu barna og vernd þeirra gegn ofbeldi.